

Föstudaginn 4. júní 1982.

Nr. 101/1982. Þorgils Axelsson
 gegn
 Kjartani Blöndal
 Verki h/f og
 Einari Matthíassyni.

Kærumál. Heitfesting vitnis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í c lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð héraðsdóms, uppkveðinn 31. mars 1982. Kæran er dagsett 6. apríl og barst Hæstarétti 3. maí. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að Einari Matthíassyni verði heimilað að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti.

Varnaraðiljar Kjartan Blöndal og Verk h/f krefjast staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðiljanum Einari Matthíassyni hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Með stefnu, birtri 25. apríl 1980, höfðaði Þorgils Axelsson, Miðbraut 4 á Seltjarnarnesi, mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Kjartani Blöndal persónulega og f. h. Verks h/f, Sólbraut 1 á Seltjarnarnesi, til heimtu skaðabóta og/eða vangreiddrar þóknunar og útlagðs kostnaðar að fjárhæð 2.160.138 krónur auk vaxta og málskostnaðar.

Málavextir eru í stuttu máli þessir:

Á árinu 1973 tókst samvinna með stefnda Verki h/f og Kvarða, einkafyrirtæki stefnanda, Þorgils Axelssonar, sem er byggingatæknifræðingur. Verk h/f var á þeim tíma að hefja framleiðslu á stöðluðum einingum til húsbygginga. Kvarði gerði húsateikningar. Samvinnan var í því fólgin, að Kvarði gerði uppdrætti að húsum fyrir fólk, sem byggði

úr einingum frá Verki h/f. Meðal starfsmanna Kvarða voru Sigurður Ólafur Sigurðsson teiknari og Einar Matthíasson byggingafræðingur, Reynimel 80, Reykjavík. Á árinu 1974 slitnaði upp úr samvinnunni milli Verks h/f og Kvarða, og 10. nóvember það ár réðst Sigurður Ólafur í þjónustu Verks h/f. Stefnandi telur, að Verk h/f hafi, eftir að samvinnunni lauk, afhent viðskiptamönnum sínum teikningar, sem stefnandi hafði gert, með eða án endurgjalds án þess að vísa þeim til stefnanda og án greiðslu til hans, en hann telur sig eiga höfundarétt að teikningum þessum. Krefur hann varnaraðiljana Kjartan og Verk h/f um gjald fyrir endurnotkun teikninganna. Þeir telja hins vegar teikningarnar hugverk Sigurðar Ólafs Sigurðssonar.

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 29. apríl 1980. Lagði stefnandi þá fram sóknargögn sín, og eru þar á meðal yfirlýsingar frá Sigurði Ólafi og Einari. Málsaðiljar fengu síðan frest og framhaldsfresti, uns vitna- og aðiljayfirheyrslur fóru fram 30. og 31. mars 1982. Sigurður Ólafur kom fyrir dóm 30. mars og staðfesti m. a. yfirlýsingu sína. Í henni sagði hann, að hann hefði, er hann var starfsmaður Kvarða, gert teikningar þær, sem um var að ræða, sjálfstætt í samráði við húsbyggjendur án afskipta eða leiðbeininga stefnanda, en ekki undirritað þær, þar sem hann hefði ekki haft réttindi til þess. Hann kvaðst síðar hafa notað teikningar þær, er hann hafði gert hjá Kvarða, á þeim forsendum, að hann ætti að þeim höfundarétt.

Yfirlýsing Einars Matthíassonar (dómskjal nr. 17) er svoljóðandi:

„Undirritaður, sem starfaði sem tækniteiknari á teiknistofunni Kvarða (eigandi Þorgils Axelsson byggingafræðingur) á tímabilinu apríl — sept. 1972 og febrúar — júlí 1973, lýsi hér með yfir, að Sigurður Sigurðsson, Byggðarholti 2, Mosf., sem einnig starfaði á Kvarða á sama tíma, vann einn og án afskipta eiganda Kvarða, en í samráði við hina ýmsu húsbyggjendur, við að leysa fjölda bygginga-nefndateikninga að öllu leyti frá frumhugmyndum til fullnaðarteikninga eða þar til eigandi Kvarða undirritaði þær,

þar eð hann var sá eini á teiknistofunni, sem hafði löggildingu.“

Hinn 31. mars 1982 kom vitnið Einar fyrir dóm á bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð var af Friðgeiri Björnssyni borgardómara. Var honum þar sýnt ljósrit af vottorði sínu, sem hann kvaðst hafa undirritað. Síðan gaf hann vitna-skýrslu. Skýrði hann svo frá, að þeir Sigurður Ólafur hefðu verið samstarfsmenn hjá Kvarða og víðar og væru kunningjar. Vitnið taldi, að það gæti ekki fullyrt, eins og í vottorðinu stæði, að Sigurður Ólafur hefði unnið algerlega án afskipta stefnanda. Afskipti hljóti alltaf að þurfa að vera einhver, en hann sagði, að Sigurður Ólafur hefði unnið mjög sjálfstætt. Hann kvað sig minna, að Sigurður Ólafur hefði beðið sig um að gefa þessa yfirlýsingu, og hafi hann tjáð sér, til hvers hann ætlaði að nota hana. Hann kvaðst hafa samið yfirlýsinguna og skrifað hana. Að vitnaleiðslunni lokinni var m. a. bókað í þingbók:

„Lögmaður stefnanda kveðst mótmæla framburði vitnisins Einars Matthíassonar sem bersýnilega röngum og ekki í samræmi við dómskjal nr. 17, sbr. bókuð mótmæli við því skjali í þinghaldi í gær, og kveðst krefjast þess, að vitnið vinni eið eða drengskaparheit að framburði sínum, og kveðst vekja sérstaka athygli á 142. gr. laga nr. 19/1940 . . .

Lögmaður stefnda óskar eftir því, að vitnið Einar Matthíasson verði að því spurt, hvort það sé reiðubúið til þess að staðfesta framburð sinn með drengskaparheiti eða eiði. Kveðst vitnið, eftir að dómariinn hefur skýrt fyrir því, hvað staðfesting skýrslu er og hverja þýðingu hún hefur, reiðubúið til þess að staðfesta skýrslu sína . . .

Dómari kvaðst nú mundu á grundvelli 1. tl. 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936 kveða upp úrskurð um synjun þess, að vitnið Einar Matthíasson staðfesti framburð sinn fyrir dómnum með eiði eða drengskaparheiti, skýrði forsendur sínar fyrir lögmonnum aðila og kvað síðan upp svohljóðandi

ú r s k u r ð :

Vitninu Einari Matthíassyni er synjað um að staðfesta

framburð sinn fyrir dóminum með eiði eða drengskaparheiti.“

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar varðandi úrskurð þennan, eins og honum er rétt, sbr. 27. gr. laga nr. 75/1973, en ekki málavaxtalýsingu. Athugasemdirnar bárust Hæstarétti 2. þ. m. Segir þar m. a.:

„Fram kemur hjá vitninu Sigurði Ólafi Sigurðssyni í yfirheyrslu 30. mars s.l., að hann telur sig eiga höfundarrétt að hinum umdeildu teikningum . . . Hann hefur þó ekki, svo vitað sé, gert kröfur á grundvelli þessarar staðhæfingar sinnar. Hins vegar byggja stefndu kröfur sínar m. a. á þeirri málsástæðu, að Sigurður Ólafur Sigurðsson sé höfundur teikninganna . . . Vitnið Sigurður Ólafur Sigurðsson bað vitnið Einar Matthíasson að rita vottorðið á dskj. nr. 17 að því er Einar minnti, eins og fram kemur í framburði hans . . . Kemur og fram . . ., að Sigurður tjáir Einari, til hvers hann ætli að nota yfirlýsinguna, þ. e. í málaferlum milli Verks h/f og Þorgils Axelssonar, sem hann sé viðriðinn . . .

Þá kemur fram í framburði vitnisins Einars, að þeir Sigurður eru kunningjar.

Þegar á herti, vildi vitnið Einar ekki fullyrða, að Sigurður hefði unnið einn og án afskipta stefnanda Þorgils Axelssonar á teiknistofu hans, eins og fram kemur í vottorðinu, og breytir það efni vottorðsins og þýðingu töluvert.

Þegar dómariinn virti hina sérstöku stöðu vitnisins Sigurðar Ólafs Sigurðssonar í málinu, beiðni hans til vitnisins Einars, vottorðsgjöfina, tilgang hennar og notkun, og síðan framburð vitnisins Einars Matthíassonar, taldi hann rétt samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936 að synja vitninu um að fá að staðfesta framburð sinn fyrir dóminum með drengskaparheiti eða eiði.“

Eins og áður greinir, segir í yfirlýsingu vitnisins Einars Matthíassonar, að Sigurður Ólafur hafi unnið „einn og án afskipta eiganda Kvarða, en í samráði við hina einstöku húsbýggjendur, við að leysa fjölda bygginganefndateikn-

inga . . .“ Er hann kom fyrir dóm, taldi hann sig þó ekki geta fullyrt, að hann hefði unnið algerlega án afskipta stefnanda, en hann hefði unnið mjög sjálfstætt. Þó að vitnið hafi þannig nokkuð dregið úr fullyrðingu sinni, er það kom fyrir dóm, verður ekki talið, að það hafi reynst óstöðugt í framburði sínum, þannig að 1. tl. 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936 eigi við. Þá verður heldur ekki séð, að vitnið sé á þann hátt við mál þetta riðið eða aðilja þess, að nefnt lagaákvæði sé því til fyrirstöðu, að það megi staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Föstudaginn 4. júní 1982.

Nr. 192/1979. **Friðrik Ásmundsson**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Sun House A/S Ltd.

(Björgvin Sigurðsson hrl.).

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Vegna nýrra upplýsinga, sem komið hafa fram hér fyrir dómi, þykir rétt með skirskotun til 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, að veita aðiljum kost á að afla eftirtalinna gagna, áður en málið er dæmt í Hæstarétti: